

76. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, föstudaginn 27. febrúar 2026, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Ráðning veitustjóra - 2601049

Tillaga um ráðningu veitustjóra.

Sveitarstjóri fór yfir ráðningarferilinn. Staðan var auglýst í febrúar. Sjö umsóknir bárust um starfið og var fimm umsækjendum boðið í viðtal. Tvær umsóknir voru dregnar til baka. Viðtöl önnuðust Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri, Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri og Geirlaug Jóhannsdóttir, frá Hagvangi. Benedikt Skúlason, veitustjóri, tók þátt í seinni umferð viðtala sem tveir umsækjenda mættu í. Yfirlit sveitarstjóra varðandi ferilinn og hæfni umsækjenda fylgdi gögnum málsins, ásamt umsóknum og gögnum um viðtöl og umsagnir. Framkvæmda- og veitunefnd fór vandlega yfir fyrirbyggjandi gögn. Sveitarstjóri fór yfir ráðningarferlið, viðtöl, yfirferð gagna og könnun umsagna og þar með almenna hæfni umsækjenda til að gegna stöðunni. Eftir að hafa metið ítarlega fyrirbyggjandi gögn er það niðurstaða framkvæmda- og veitunefndar að leggja til við sveitarstjórn að Ólafí Jósef Ólafssyni verði boðið starf veitustjóra.

2. Starfsmannahald Bláskógaveitu - 2602045

Umræða um starfsmannahald Bláskógaveitu

Farið var yfir stöðuna. Aðstoðarmaður veitustjóra hefur sagt starfi sínu lausu, ráðið verður í stöðuna að nýju. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að bætt verði við einu stöðugildi í Bláskógaveitu, þannig að starfsmenn verði þrír.

Fundi slitið kl. 14:45.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson